

Fundargerð
ÁRSFUNDAR
Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar 2016

Haldinn fimmtudaginn 26. maí 2016 kl. 17:00
Í húskynnum Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga, Sigtúni 42

Skúli Helgason, formaður stjórnar, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Fundargestir voru alls 11, stjórn, starfsmenn og gestir þar meðtaldir. Ársreikningi Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar 2015 var dreift til viðstaddir.

1. Skýrsla stjórnar

Formaður stjórnar, Skúli Helgason flutti skýrslu stjórnar sem er eftirfarandi:

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar skilaði góðri ávöxtun á árinu 2015. Nafnávöxtun var 8,4% á árinu 2015 sem svarar til 6,3% hreinnar raunávöxtunar. Vel hefur gengið að ávaxta eignir sjóðsins undanfarin ár og er meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu fimm ára 4,3%.

Þróun flestra verðbréfamarkaða var sjóðnum hagstæð. Ávöxtun innlendra eigna var sérstaklega góð, þó sér í lagi innlendra hlutabréfa sem skráð eru í Kauphöll Íslands en úrvalsvítsala Kauphallarinnar hækkaði um rúm 43% á árinu. Heimsvísitala hlutabréfa stóð því sem næst í stað á árinu, bæði mæld í íslenskum krónum og dollurum. Gjaldeyrishöft setja fjárfestingarkostum sjóðsins þróngar skorður. Brýnt er að sjóðurinn geti fjárfest í auknum mæli erlendis á komandi misserum með tilliti til áhættudreifingar sjóðsins. Það er ánægjulegt að stjórnvöld hafa veitt lífeyrissjóðum auknar heimildir til erlendra fjárfestinga á undanförnum mánuðum. Samt sem áður er uppsöfnuð fjárfestingarþörf sjóðanna erlendis ennþá umtalsverð. Því er mikilvægt að þegar áformum stjórnvalda um losun fjármagnshafta verður hrint í framkvæmd á þessu ári, verði núverandi hindrunum rutt úr vegi fyrir erlendum fjárfestingum lífeyrissjóða.

Stjórnin hefur mótað þá stefnu að hafa fjárfestingar sjóðsins áhættulitlar sem dregur úr sveiflum á ávöxtun sjóðsins en á að tryggja eftir því sem fært er að hún sé ásættanleg. Hér verður ekki farið frekar út í afkomu sjóðsins á árinu en hún verður skýrð sérstakleg síðar á fundinum.

Starfssemi Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar var að flestu leyti með hefðbundnum hætti á síðasta starfsári. Rekstrarkostnaður nam um 90,6 m.kr. en 75,1 m.kr. á árinu 2014. Samsvarar kostnaðurinn um 0,13% af hreinni eign í árslok. Hækkun kostnaðar á milli ára er að mestu leyti tilkominn vegna einskiptist kostnaðar á árinu.

Á árinu 2015 greiddu 498 sjóðfélagar iðgjöld að meðaltali á mánuði til samanborið við 562 árið á undan. Óvirkir sjóðfélagar sem eiga réttindi hjá sjóðnum eru 12.984 á árinu 2015 samanborið við 14.020 á árinu 2014. Heildargreiðslur lífeyris á árinu 2015 námu 3,6 ma.kr. en voru 3,2

ma.kr. á árinu 2014. Um síðustu áramót greiddi sjóðurinn 3.408 einstaklingum lífeyri. Skipting lífeyrisgreiðsla er þannig að 2.591 einstaklingar fengu greiddan ellilífeyri, 424 fengu greiddan makalífeyri og 386 fengu greiddan örorkulífeyri. Þá fengu 7 greiddan barnalífeyri á árinu 2015

Stjórnin hélt nú fundi á starfsárinu. Í síðast liðum september varð breyting á stjórn sjóðsins þar sem Skúli Helgason var skipaður í sæti Bjarkar Vilhelmsdóttir sem formaður stjórnar. Vil ég nota hér tækifæri og þakka Björk kærlega fyrir hennar góðu störf fyrir sjóðinn. Endurskoðunarnefnd sjóðsins starfaði á árinu samkvæmt starfsskyldum sínum og fundaði nefndin átta sinnum á árinu. Nefndin hefur skilað til stjórnar skýrslu um störf sín fyrir árið 2015. Í endurskoðunarnefnd sitja Birgir Björn Sigurjónsson sem er formaður, Ása Clausen og Björk Vilhelmsdóttir og er þeim þakkað vel unnið störf.

Samkvæmt lögum verða lífeyrissjóðir að eignir til að mæta skuldbindingum sínum. Þessi sjóður er undanþeginn framangreindu þar sem Reykjavíkurborg er með bakábyrgð á skuldbindingum sjóðsins. Samþykktir sjóðsins gera ekki ráð fyrir að iðgjöld og ávöxtun eigna hans dugi fyrir skuldbindingum sjóðsins og því greiða launagreiðendur mánaðarlega aukaframlag sem nemur 69% af greiddum lífeyri. Á árinu 2015 nam aukaframlagið tæpar 1,8 ma.kr en þar af nam aukaframlag Reykjavíkurborgar tæpum 1,7 ma.kr. Samkvæmt niðurstöðu trygginga-fræðilegrar athugunar á stöðu í lok árs 2015, að teknu tilliti til aukaframlagsins nema eignir sjóðsins umfram skuldbindingar um 24,5 ma.kr. en var í árslok 2014 um 25,5 ma.kr. Það er ljóst að við óbreytt aukaframlag mun ekki reyna á bakábyrgð borgarinnar en nauðsynlegt er að lækka framlagið með því að gera upp lífeyrisskuldbindingar á móti þeim fjármunum sem lagðir voru inn vegna sölu á hlut borgarinnar í Landsvirkjun.

Umræður um framtíðarskipan lífeyrismála hafa staðið yfir um alllangt skeið og gott væri að niðurstöður þeirrar vinnu færðu að skýrast. Með bættu heilsufari þjóðarinnar hafa lífslíkur farið ört hækandi á undanförnum árum sem er ánægjuleg þróun en felur um leið í sér áskorun fyrir lífeyrissjóði landsins. Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga munu væntanlega gefa út nýjar lífslíknatöflur á þessu ári en með þeim verður gert ráð fyrir frekari lengingu á meðalævi þjóðarinnar. Þær forsendur munu hækka verulega skuldbindingar lífeyrissjóðanna og ljóst að við því þarf að bregðast. Engar ákvarðanir hafa verið teknar um hvernig þessum auknu skuldbindingum verður mætt.

Sem fyrr sér Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga um rekstur sjóðsins í samræmi við samning frá árinu 1999. Breytingar urðu á starfsmannahaldi LSS á árinu en árinu hættu fjórir starfsmenn og fjórir ráðnir í þeirra stað. Stjórnin þakkar þeim starfsmönnum sem hurfu á braut fyrir vel unnin störf og gott samstarf og væntir mikils af samstarfi við nýja starfsmenna. Það er alltaf svo að það koma nýjar áherslur með

Grf pmh

nýju starfsfólki og hefur verið ánægjulegt að taka þátt í því ferli með þeim.

Á árinu 2015 voru ýmis brýn verkefni unnin er lúta að innri starfsemi sjóðsins svo sem, uppfærslur á verkferlum og verklagsreglum, breytingar á verkaskiptingu starfsmanna, innleiðing á nýju fjárhagsupplýsingakerfi, tekið í notkun nýtt skjalastýringa- og fundakerfi, unnið að nýrri heimasíðu, gerðar þarfar breytingar á starfsaðstöðu starfsmanna. Þá tók nýtt skipurit gildi en í því er lögð meiri áhersla á áhættustýringu og sjálfstæði hennar.

Starf stjórnar gekk í alla staði vel og vil ég nota þetta tækifæri og þakka stjórn og starfsmönnum sjóðsins fyrir gott samstarf og vel unnin störf á liðnu starfsári.

Ég legg þá tillögu fyrir fundinn að fundarstjóri verði kjörinn Guðmundur Friðjónsson og fundarritari Pálína Margrét Hafsteinsdóttir.

Tillaga formanns var samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri tók svo við stjórn fundarins. Hann lýsti því yfir að boðað hefði verið til ársfundarins með þeim hætti sem lög og samþykktir lífeyrissjóðsins gera ráð fyrir. Engar athugasemdir bárust frá fundarmönnum um boðun fundarins og lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan. Því næst fór fundarstjóri yfir dagskrá fundarins og kynnti næsta dagskrárlíð sem var yfirferð á ársreikningi sjóðsins.

2. Ársreikningur kynntur

Framkvæmdastjóri sjóðsins, Gerður Guðjónsdóttir, tók við af formanni og kynnti ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar 2015. Stjórn og framkvæmdastjóri hafa staðfest ársreikninginn og endurskoðendur sjóðsins hafa áritað ársreikninginn án athugasemda.

Framkvæmdastjóri fór yfir kynningu sína á helstu niðurstöðum sem birt eru í ársreikningi, m.a. yfirlit um breytingu á iðgjöldum, en iðgjöld sjóðfélaga höfðu lækkað á milli ára sem skýrist af fækkun virkra sjóðfélaga og fjölgun lífeyrisþega. Lífeyrisgreiðslur höfðu hækkað um 394 m.kr. á árinu og voru riflega 3.6 ma kr. Fjöldi lífeyrisþega var 3.299 árið 2015 og hafði fjölgæð um rúmlega 500 á fimm árum. Þá fór framkvæmdastjóri yfir fjárfestingatekjur og gjöld. Fjárfestingatekjur voru 5,8 ma.kr. á árinu og hækkaði um 2,2 ma.kr á milli ára. Aukningin skýrist að mestu leyti af betri afkomu af verðbréfum með breytilegar tekjur en árið á undan. Hrein eign í lok árs til greiðslu lífeyris var rúmar 72 ma.kr. og hafði hækkað um 4,1 ma.kr. á milli ára. Farið var yfir sundurliðun fjárfestingareignar í árslok og samanburð við fyrra ár. Verðbréf með föstum tekjum eru sem fyrr stærsti eignaflokkurinn og er vægi þeirra 68%. Raunávöxtun sjóðsins var 6,3% á árinu 2015.

Fundarstjóri bauð gestum upp á umræður og fyrirspurnir um fyrstu tvo dagskrárlíðina.

Umræður urðu um breytingar á lífeyrissjóðskerfinu og áhrif þeirra á lokaða sjóði. Vætanlega munu breytingarnar ekki hafa nein áhrif á réttindi sjóðfélaga. Rætt var

um Landsvirkjunarbréf og áhrif þess í eignasafninu en ekki er búið að ráðstafa eignum á móti skuldbindingum m.a. vegna óvissu um verðmat.

3. Skýrsla um tryggingafræðilega athugun kynnt

Framkvæmdastjóri sjóðsins gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt Bjarna Guðmundssonar, tryggingastærðfræðings, á stöðu sjóðsins í árslok 2015. Farið var yfir aðferðafræði og helstu reikniforsendur útreikninga. Samkvæmt tryggingafræðilegri athugun voru heildarskuldbindingar sjóðsins 94.237 m.kr. og endurmetnar heildareignir 118.774 m.kr. í árslok 2015. Hlutfall heildareigna umfram heildarskuldbindinga í árslok 2015 var þannig 24.537 eða 26,0%. Ástæða fyrir þessari jákvæðu stöðu er sú að í samþykktum sjóðsins er ekki gert ráð fyrir að iðgjöld dugi fyrir lífeyrisgreiðslum og borgar því borgasjóður og aðrir launagreiðendur tiltekið hlutfall lífeyris skv. ákvörðun borgarstjórnar að fenginni umsögn sjóðstjórnar og tryggingastærðfræðings. Hlutfallið er nú 69%. Miðað við þetta hlutfall í framtíðinni verða heildareignir sjóðsins verulega hærri en heildarskuldbindingar. Ef ekki er tekið tillit til endurgreiðslna launagreiðenda á greiddum lífeyri er þetta hlutfall neikvætt um -24,2%.

Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir um 3. dagskrárlíð.

4. Fjárfestingarstefna kynnt

Guðmundur Friðjónsson, sviðsstjóri eignastýringar kynnti fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2016. Hann fór yfir markmið fjárfestingarstefnunnar, þróun innlends verðbréfamarkaðar og horfur. Lögð verður áhersla á árinu 2016 að minnka vægi ríkistryggðra skuldabréfa og auka vægi sértryggðra bankabréfa, hlutabréfa og erlendra verðbréfa.

Hann fór fyrst yfir árangur ársins og bar saman vænta ávöxtun yfir árið 2015 sem var 3,8% og raunávöxtun sem varð 6,3%. Farið var yfir helstu flokka verðbréfa og breytingu á stefnunni á milli ára, en markmið ríkisbréfa hafði verið lækkað úr 71% í 65% og vikmörk voru einnig lækkuð. Auka á markmið um skuldabréf banka í 5% úr 2%. Vikmörk innlendra hlutabréfa höfðu verið hækkuð sem og markmið og vikmörk annarra verðbréfa.

Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir um 4. dagskrárlíð.

5. Stjórnarmenn og varamenn

Nýtt kjörtímabil stjórnar hófst á árinu 2014 og því er fjögurra ára skipunartími stjórnarmanna ekki liðinn. Á fundi borgarráðs 17. september 2015 var ákveðið að Skúli Helgason tæki sæti sem formaður stjórnar í stað Bjarkar Vilhelmsdóttur. Marta Guðjónsdóttir tók sæti Hildar Sverrisdóttir í aðalstjórn í apríl 2016 og Hildur tók sæti varamanns á sama tíma í stað Júlíusar Vífils Ingvarssonar.

6. Breytingar á samþykktum sjóðsins

Fundarstjóri greindi frá því að engar breytingar hefðu verið gerðar á samþykktum sjóðsins á árinu 2015 og engar tillögur eru lagðar fram. Fyrirhuguð er endurskoðun á samþykktum á árinu 2016.

Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir um 6. dagskrárlíð.

Rætt var um heimildir lífeyrisþega til að fara á milli eftirmannsreglu og meðaltalsreglu, verklag um lífeyrisúrskurði og 49% regluna í tengslum við starfslok. Fram kom að skýra mætti betur ofangreind atriði í samþykktum sjóðsins.

7. Önnur mál

Engin önnur mál voru borin upp.

Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir.

Rætt var um upplýsingagjöf til sjóðsfélaga sem eru að hefja töku lífeyris og núverandi eftirlaunapæga. Tillaga kom fram að sjóðurinn myndi halda reglulega námskeið þar sem boðið væri upp á veitingar og jafnvel skemmtiatriði til að laða að. Stefna sjóðsins er að auka enn frekar á upplýsingagjöf til sjóðsfélaga en slíkir fundir hafa verið haldnir um nokkurra ára skeið.

Fundarstjóri lagði til að hann og fundarritari myndu ganga frá fundargerð og birta á vefsíðu sjóðsins.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Formaður stjórnar þakkaði viðstöddum fyrir góðan fund og sleit fundi kl 18.05.



Guðmundur V. Friðjónsson
fundarstjóri

Pálína Margrét Hafsteinsdóttir
Pálína Margrét Hafsteinsdóttir
fundarritar